

107 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.

26. ágúst — Samkvæmt þarum gjörðri beiðni og tillögum yðar, herra amtmaður og yðar, herra biskup, í brjefi yðar, dagsettu 23. þ. m., vil jeg hjermeð fallast á, að presturinn að Lundi, síra Ólafur Ólafsson, megi veðsetja Lundareykjadalshreppi nokkuð af tekjum prestakalls síns fyrir 400 kr. láni til jarðabóta á prestssetrinu af því fje, sem hreppurinn hefir fengið að láni úr landssjóði til jarðabóta í hreppnum, þó svo að hin hjerumrædda veðsetning komi eigi í bága við veðrjett landssjóðs í tekjum prestakallsins til tryggingar jarðabotaláni því úr landsjóði, er nú hvílir á prestakalli þessu.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

108 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa

20. sept. **prestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi yðar, dagsettu 13. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Hólum í Reyðarfirði, prófastur síra Jóhann Sveinbjarnarson, taki 1000 kr. lán til þess að sljetta tún prestssetursins gegn veði í tekjum prestakallsins, með því skilyrði, að lánið endurborgist á 10 árum, með jöfnum afborgunum.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að lánið eigi getur fengizt úr landssjóði.

109 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um skipting Hólmasóknar í

3. okt. **tvær sóknir og bygging kirkju á Eskifirði** — Eptir ósk safnaðarins í Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og löglegri ályktun hlutaðeigandi hjeraðsfundar skal jeg samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefum, dagsettum 20. október f. á. og 28. f. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 3 frá 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, veita samþykki mitt til þess,

1. að hinni gömlu Hólmasókn verði skipt í tvær sóknir, þannig að Hólmaháls ráði skiptum, og skal innri hluti sóknarinnar (kring um Reyðarfjörð innanverðan), er heldur nafninu Hólmasókn, eiga kirkjusókn að Hólum, eins og hingað til, en fyrir hinn hlutann (kring um Eskifjörð og út með Reyðarfirði norðanverðum), er nefnist Eskifjarðarsókn, skal reisa nýja, hæfilega stóra kirkju, og sómasamlega útbúna að öllu því, er til guðsþjónustu heyrir;
2. að þessi nýja kirkja fái tiltölulegan hlut af sjóði Hólmakirkju, miðaðan við kirkjugjöld hin síðustu 5 ár, og
3. að hvor kirkjan skuli hafa allar kirkjutekjur úr sinni sókn, eptir að hin nýja kirkja er komin upp.